

4. BEKKUR 2015
ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Lestu textabrotið um **tröllin á Vestfjörðum** og svaraðu spurningunum.

Í gamla daga voru þrjú tröll á Vestfjörðum sem tóku sig til og ætluðu að moka sund á milli Vestfjarða og meginlandsins, nálægt því sem það er mjóst. Um leið ætluðu þau að búa til eyjar úr því sem þau mokuðu úr sundinu.

Að vestanverðu gekk moksturinn vel enda var Breiðafjörður miklu grynri en Húnaflói. Þeim megin voru líka tvö tröll, karl og kerling. Þuggu þau til með mokstrinum allar eyjarnar sem enn þann dag í dag eru eins og berjaskyr á Breiðafirði. En að austanverðu mistókst allt hjá einu tröllkonunni sem þar var. Húnaflói er líka djúpur og varð því flest allt að blindskerjum sem hún mokaði.

Tröllin voru að moka alla liðlanga nóttina og gáðu ekki að sér fyrr en dagur var runninn upp. Þá tóku vestantröllin tvö til fótanna og hlupu eins hratt og þau gátu austur yfir Steinadalshéið og ætluðu að fela sig í Kollafirði. En þegar þau komu ofan á sjávarbakkann kom sólin upp og urðu þau þar bæði að steinum sem síðan heita Drangar. Standa þeir hvor hjá öðrum í svokallaðri Drangavík nálægt Kollafjarðarnesi. Annar drangurinn er allur meiri um sig að ofan og mjókkar niður. Það er karlinn. Hinn er uppmjór en gildnar allur niður og mótar fyrir maga og bakhluta og jafnvel lærum á honum. Það er kerlingin.

En frá kerlingunni sem mokaði austanmegin er það að segja að hún varð of sein fyrir og gáði ekki að sér fyrr en fór að birta. Hún stökk þá norður yfir Steingrímsfjörð og staðnæmdist hjá klettabelti fyrir norðan fjörðinn þegar sólin skein á hana.

23. Hvað gerðu tröllin við það sem þau mokuðu upp?

- ₁ Þau þuggu til eyjar.
- ₂ Þau þuggu til skyr.
- ₃ Þau fleygðu því upp á land.

24. Hvers vegna gekk moksturinn betur að vestanverðu?

- ₁ Fjörðurinn er grynri þeim megin.
- ₂ Kerlingin hamaðist við moksturinn.
- ₃ Tröllin þeim megin voru kappsamari.

25. Hvers vegna gættu tröllin ekki að sér?

- ₁ Þau voru í djúpum samræðum.
- ₂ Þau voru orðin þreytt.
- ₃ Þau voru önnum kafin.

26. Hvernig má þekkja karlinn frá kerlingunni á Dröngum?

- ₁ á hæðinni
- ₂ á löguninni
- ₃ á staðsetningunni

Hún var svo reið að hún náði ekki upp í nefið á sér því hún hafði ekki getað látið standa upp úr Húnaflóa nema fáeina varphólma og nokkur smásker. Rak hún þá skófluna í bræði sinni svo fast niður að úr því sprakk eyja sem er enn á Steingrímsfirði og heitir Grímsey.

Er það eina stóra eyjan sem tröllkonu þessari tókst að mynda. Austan megin á eyjunni er klettur einn líkur nauti að lögun. Hann er hár og hnarreistur enda er hann kallaður Uxi. Endinn á honum er svipaður kirkjuturni og áttu það að hafa verið horn uxans. Þann uxa átti kerling og stóð hann á eyinni þegar hún varð að steini og dagaði þar uppi eins og fóstura hans.

Síðan hefur enginn ráðist í að búa til eyjar á Breiðafirði eða Húnaflóa né heldur reynt að moka sundur landið milli meginlands og Vestfjarða.

(Þjóðsaga)

27. Hvernig leið kerlingunni þegar hún stökk norður yfir Steingrímsfjörð?

- ₁ Hún var öfundsjúk.
- ₂ Hún var örmagna.
- ₃ Hún var öskuvond.

28. Sagan segir að Grímsey hafi orðið til vegna

- ₁ óhapps.
- ₂ óveðurs.
- ₃ reiði.

29. Kletturinn Uxi er ? megin á eyjunni.

- ₁ austan
- ₂ norðan
- ₃ vestan

30. Hvað verður um tröll og skepnur þeirra í sólarbirtu

- ₁ Þau dagar uppi.
- ₂ Þau lenda í sjónum.
- ₃ Þau verða að engu.

31. Að „ráðast í“ merkir að

- ₁ hefja framkvæmdir.
- ₂ vilja gera eitthvað.
- ₃ þora að gera eitthvað.

32. Sagan fjallar um

- ₁ eyjar sem dagaði uppi.
- ₂ landshluta sem hvarf.
- ₃ tröll sem urðu að steini.

Mannaparnir fjórir – górállur, órangútanar og tvær tegundir simpansa – líkjast okkur, enda eru þeir nánustu ættingjar okkar í dýraríkinu.

Hér verður fjallað um simpansa. Allir simpansar innan sama hóps þekkjast vel. Mæður tengjast börnum sínum sterkum böndum, auk þess sem margir óskyldir simpansar stofna til vináttu, einkum karlarnir.

Hársnyrting er ein mikilvægasta félagsathöfnin í lífi simpansa. Hún heldur hópnum saman, styrkir vináttubönd og setur niður ágreining. Yngri simpansar snyrta oft feld hinna æðri. Þeir tína af natni úr feldinum lýs og hvers kyns óhreinindi og hreinsa sár og rispur. Ungur simpansi er ein tvö ár að ná fullum tókum á hársnyrtingunni.

Ríkjandi simpansakarlar vingast oft við tvo eða þrjá aðra sem fylgja honum og styðja hann í átökum. Stuðningur þessara öflugra vina getur tryggt honum stöðu leiðtogans. Simpansinn sem stjórnar hópnum staðfestir stundum vald sitt með því að æða um öskrandi og kastandi greinum.

Simpansar tjá hver öðrum hlýhug með faðmlögum, kossu og klappi á bakið. Karlarnir eru mun meira saman en kerlur, svo þessi vinahót eru algengust þeirra á milli. Það er líka algengt að apynjurnar tengist sérstökum vináttuböndum.

Simpansar gefa frá sér fleiri en 50 mismunandi hljóð. Ánægðir simpansar „hóa“ mjúklega, þeir væla þegar þeir finna fæðu og arga ef þeir komast í uppnám.

33. Samband apynja og afkvæma einkennist af

- ₁ eftirliti.
- ₂ hörku.
- ₃ umhyggju.

34. Hársnyrting apanna

- ₁ er að mestu í höndum karlsimpansa.
- ₂ er aðeins stunduð af kvensimpönsum.
- ₃ eykur samhaldni simpansa.

35. Hvers vegna vingast ríkjandi simpansakarlar við aðra karla?

- ₁ Til að fá þá með sér á veiðar.
- ₂ Til að halda áfram völdum.
- ₃ Til að yngstu karlarnir verði til friðs.

36. Þegar simpansakarlar æðir um öskrandi er hann að

- ₁ gefa til kynna svengd sína.
- ₂ reka burtu aðra simpansakarla.
- ₃ sýna hinum öpunum hver ræður.

37. Hverjir eru líklegastir til að knúsast innan simpansahópsins?

- ₁ apynjur
- ₂ simpansakarlar
- ₃ yngri simpansar

⊥

Simpansar tjá sig líka með margs konar svipbrigðum. Galopinn og afslappaður munnur er „leiksvipur“ sem gefur til kynna að leikur sé að hefjast eða standi yfir. Reiður simpansi herpir saman varirnar.

Simpansar bregðast yfirleitt við mönnum með því að hafa hægt um sig og leynast í kjarrinu en þeir snúast gegn hlébörðum með löngum greinum og stórum steinum. Beittar tennur simpansa geta líka verið háskalegt vopn.

Simpansar hugsa fram í tímann, safna stilkum, sprekum og steinum þegar þeir eru í fæðuleit. Simpansar neyta fjölbreyttari fæðu en aðrir mannapar. Þeir lifa einkum á aldinum og laufum en veiða líka fugla og lítil spendýr. Liprir fingur og skapandi hugur hjálpa þeim við að hanna verkfæri og beita þeim. Fullorðnir simpansar geta einbeitt sér og eiga það til að sitja yfir verkfærum sínum stundum saman.

⊥

38. Simpansar sýna reiði með

- ₁ augunum.
- ₂ höndunum.
- ₃ munninum.

39. Hvað gera simpansar þegar þeir sjá menn?

- ₁ Þeir kasta stórum steinum í þá.
- ₂ Þeir reyna að fela sig fyrir þeim.
- ₃ Þeir öskra og sýna þeim tennurnar.

40. Simpansar safna steinum og greinum til þess að

- ₁ búa sér til skýli.
- ₂ búa til verkfæri.
- ₃ verja sig með.

41. Þegar fullorðnir simpansar sitja tímunum saman yfir verkfærum er það merki um ? þeirra.

- ₁ einbeitingu
- ₂ sköpunargleði
- ₃ starfsgleði

42. Texti þessi fjallar um

- ₁ apa í útrýmingarhættu.
- ₂ lifnaðarhætti apa.
- ₃ mismunandi apategundir.

Lestu textann **Fuglinn sem ekki vildi syngja** og svaraðu spurningunum.

Fyrir utan gluggann óx tré; ekki stórt tré og ekki heldur lítið tré, en greinar þess vísuðu upp á við og minntu á hendur. Það var hvorki vetur né sumar, og ekki heldur vorið með eplunum sínu rauðu, þetta var að vetri loknum og áður en vorið kom. Það var hvorki frost né regn. Sólin var einhversstaðar á flakki, jörðin var vot og meyr, og vindurinn bærði gluggatjöldin.

Þarna sat fiðurhnoðri á grein – ofurlítill fugl. Hann flögraði fram og aftur, goggaði með nefinu, dillaði stélinu og velti vöngum.

Þessi fugl var hvorki blár né rauður og hvorki gulur né grænn – þetta var bara lítill grár fugl með dökk augu.

Þarna sat hann og kvakaði við sjálfan sig. „Hvað á ég nú að gera, ég sem ekki vil syngja! Hvað get ég látið mér detta í hug? Ekki get ég farið í kvikmyndahús. Þar yrði mér ekki hleypt inn. Ekki get ég borðað brjóstsykur, því enginn kaupir hann handa mér. Ekki get ég leikið mér á skautum, þegar ég á enga skauta, og svo er enginn ís. Og fugl á skautum – þvílík endileysa!“

Fuglinn hristi höfuðið og hélt áfram: „Hvað á ég þá að gera, ég sem ekki vil syngja! Hvað get ég látið mér detta í hug?“

Ég get baðað mig í læknum og látið mig þorna í sandinum.

Ég get flögrað um og látist vera ofurlítill flugvél.

Ég get tínt kornið sem börnin dreifa fyrir mig.

Ég get líka byggt mér hreiður hérna á greininni.

Já, það var prýðileg hugmynd,“ kvakaði hann glaður í bragði; og svo tók hann til starfa.

Hann tíndi saman hálmstrá sem ég átti ekki, fjaðurnálar sem þú áttir ekki, trefjar sem við áttum ekki og bréfarusl sem enginn átti – og brátt var hreiðurgerðinni lokið.

43. Greinar trésins fyrir utan gluggann

- ₁ líktust höndum.
- ₂ voru veikbyggðar.
- ₃ voru þaktar eplum.

44. „Velti vöngum“ þýðir að fuglinn

- ₁ hugsaði málið.
- ₂ kinkaði kolli.
- ₃ sperrti stélið.

45. Af hverju leiddist litla fuglinum?

- ₁ Hann beið eftir sumrinu.
- ₂ Hann hafði ekkert að gera.
- ₃ Hann hafði engan til að leika við.

46. Hvers vegna byggði fuglinn hreiður?

- ₁ Hann vantaði verkefni.
- ₂ Svo hann fengi betra skjól.
- ₃ Vorið var að koma.

47. Fuglinn gerði hreiðrið úr ýmsu sem

- ₁ fannst við tréð.
- ₂ honum var gefið.
- ₃ tilheyrði engum.

Síðan hagræddi fuglinn sér í sínu eigin hreiðri, eins makindalega og þú núna, lagði að sér vængina, belgdi sig upp, lokaði augunum og sagði:

„Nú ætla ég að sofna!“

Tréð heyrði til hans og sagði:

„Það er ágætt, sofðu eins og þig lystir.“

Út frá hinum grönnu greinum trésins spruttu lítil ljósgræn blöð, gljáandi og silkimjúk. Og þessi litlu ljósgrænu blöð uxu, mættust og mynduðu þak yfir hreiðrinu.

Vindurinn heyrði líka hvað fuglinn sagði og svaraði:

„Það er ágætt, sofðu eins og þig lystir.“

Og vindurinn blés ofurlitlum silfurhnöppum inn á milli blaðanna. Þeir voru límkenndir eins og brjóstsykur og nú reis gerði af silfurhnöppum umhverfis hreiðrið.

Og regnið heyrði hvað fuglinn sagði. Það féll nú yfir tréð eins og votur fuglsvængur og laðaði blómin fram úr hnöppunum, stór ljósrauð og döggvot blóm, angandi af vori. Þannig sá regnið trénu fyrir blómum til að skreyta hreiðrið.

En hvar var sólin? Jú, sólin var á leiðinni um himinhvolfið, og loks var hún beint yfir hreiðrinu og stráði yfir það heitum geislum sínum.

Og þessi saga, sem ekki er venjuleg saga, endar á því að þegar sólin birtist fór að þjóta í trénu og öllum grænu blöðunum. Tréð angaði af rósrauðum blómum og býflugurnar suðuðu hástöfum.

Og þá byrjaði hinn ofur venjulegi litli grái fugl að syngja.

(Höf. Alicja Dryszkiewicz úr, 1980, Berin á lynginu – ævintýri og ljóð frá ýmsum löndum)

48. Á hvaða árstíma gerist sagan

- ₁ að loknum vetri.
- ₂ á miðju sumri.
- ₃ snemma hausts.

49. Rigningin fékk

- ₁ fuglinn til að byggja hreiður.
- ₂ sólina til að gægjast fram.
- ₃ tréð til að blómstra.

50. Þegar sólin kom fram

- ₁ byggði fuglinn hreiður.
- ₂ flögraði fuglinn um.
- ₃ létu býflugurnar í sér heyra.

51. Hvers vegna byrjaði fuglinn að syngja?

- ₁ Hann átti fallett hreiður.
- ₂ Honum fannst blómin falleg.
- ₃ Honum leið vel.

52. Sagan fjallar um fugl sem

- ₁ bjó til skrátið hreiður.
- ₂ fagnaði sumrinu.
- ₃ var alltaf leiður.

Andheiti

Finndu **andheiti** orðanna hér að neðan. Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu (dæmi: ljós – myrkur).

53. fresta

- ₁ finna
- ₂ flýta
- ₃ lengja
- ₄ stýra

55. mæta

- ₁ elta
- ₂ hætta
- ₃ skrópa
- ₄ þiggja

54. tilhlökkun

- ₁ kvíði
- ₂ ótti
- ₃ spenna
- ₄ von

56. velja

- ₁ hafna
- ₂ missa
- ₃ taka
- ₄ selja